

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (LRM, HSK, ÁsF, HarB, NTF).

1. Við 3. gr.
 - a. Orðin „rannsóknar- og“ í 1. mgr. falli brott.
 - b. Við 3. mgr. bætist: m.a. búnaði til byggingarrannsókna.
2. Orðin „þremur til“ í 1. mgr. 6. gr. falli brott.
3. Orðin „og 1. mgr. 6. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. falli brott.
4. 9. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

Nýsköpunarstuðningur.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við opinbera aðila eða einkaaðila um framkvæmd ýmissa verkefna á sviði nýsköpunar, svo sem samninga um rekstur stafræna smiðja.

Ráðherra skal setja á fót stafræna nýsköpunargátt fyrir upplýsingagjöf um stuðning við nýsköpun og tryggja að ráðgjöf á fyrstu stigum nýsköpunarverkefna sé gjaldfrjáls og aðgengileg hvar sem er á landinu, m.a. leiðsögn við umsóknarferli innan stuðningsumhverfis nýsköpunar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ráðgjafar um nýsköpun.

Ráðherra skal veita sértæka styrki, Lóu – verkefnastyrki, til eflingar nýsköpun á landsbyggðinni. Hlutverk styrkjanna er að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, verðmætasköpun og atvinnulíf sem byggist á hugviti og þekkingu, á forsendum svæðanna sjálfra. Lóu – verkefnastyrkjum skal úthlutað utan höfuðborgarsvæðisins, eins og það er skilgreint í gildandi byggðakorti ESA og leiðbeinandi reglum þar um. Styrkjum má einnig úthluta til verkefna sem stuðla að uppbyggingu vistkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðlastarf. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd styrkveitinga, fresti til að skila umsóknum um styrki, form og skilyrði umsókna og matsnefnd vegna styrkveitinga.

5. Í stað orðanna „1. maí 2021“ í 1. mgr. 10. gr. og í ákvæðum til bráðabirgða I, II og IV komi: 1. júlí 2021.
6. Við ákvæði til bráðabirgða III bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar verður lögð niður, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, fer um réttindi og skyldur starfsfólks Efnis-, líf- og orkutækni og Rannsóknastofu byggingariðnaðarins jafnframt eftir lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eftir því sem við á. Félag skv. 2. gr. skal bjóða öllu fastráðnu starfsfólki framangreindra deilda störf.
7. Við frumvarpið bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
 - a. (VI.)

Ráðherra skal gefa Alþingi skýrslu um stöðu nýsköpunarstuðnings eftir niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar, þróun nýsköpunarmála á landsbyggðinni, árangur sem

og ásókn í hvatastyrki til nýsköpunar sem ráðuneytið úthlutar og starfsemi tækni-seturs eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt frumvarps þessa.

b. (VII.)

Ráðherra er heimilt að semja við félag skv. 2. gr. um að hafa umsjón með langtíma, sérhæfðum byggingarrannsóknum í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík og nýta til þess þá aðstöðu sem fyrir hendi er. Samhliða verði unnið að framtíðarfyrirkomulagi byggingarrannsókna í landinu og þeim komið í það horf sem best þykir henta fyrir árslok 2022.